

Verkefni og skipurit skipulagssviðs

Meginverkefni skipulagssviðs eru skipulags- og byggingarmál. Af skipulagsmálum má helst telja vinnslu og umsjón aðalskipulags sveitarfélagsins, deiliskipulags hverfa, umhverfisskipulag, umferðarskipulag og þátttaka í gerð svæðisskipulags. Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 leggur línur og er ákvarðandi fyrir landnotkun. - Af byggingarmálum má helst telja yfirferð teikninga og hönnunargagna, útgáfu byggingarleyfa og byggingareftirlit á grundvelli laga um mannvirki nr. 160/2010. Auk þess skráning lóða og fasteigna, samvinna við aðrar deildir bæjarins, fyrirtæki og stofnanir varðandi skipulagsmál o.fl., umsagnir um skipulagstengd atriði, kynningarfundir og upplýsingagjöf.

Leiðarljós skipulagssviðs er vinna að hagsmunum bæjarbúa með vandaðri og faglegri vinnu. Nota byggingareftirlit sem neytendavernd til að tryggja gæði bygginga. Skapa fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja. Byggja á viðmiðum umhverfisverndar, verndun vistkerfa og sjálfbærni. Stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu eða óhóflegt álag á vistkerfi í sveitarfélaginu.

Skipulagsráð hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir það heyrir, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

Sviðsstjóri skipulagssviðs er framkvæmdastjóri skipulagsráðs og sér einnig um daglegan rekstur skipulagssviðs en þar starfa átta manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagssvið.

Núverandi skipurit:

Skipulagssvið	
Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri	
Skipulagsmál	Byggingarmál
Bjarki Jóhannesson skipulagsfulltrúi	Bjarki Jóhannesson byggingarfulltrúi
Anna Bragadóttir verkefnastjóri skipulagsmála	Leifur Þorsteinsson verkefnastjóri byggingarmála
(Arkitekt)	Björn Jóhannsson verkefnastjóri eftirlits byggingaáforma
	Bjarni Thorarensen verkefnastjóri byggingareftirlits
Margrét Róbertsdóttir verkefnastjóri fasteignamála	
Stefanía Sigmundsdóttir fulltrúi skipulags- og byggingarmála	
Perla Fanndal afgreiðslu- og upplýsingafulltrúi	

Frá og með 1. maí:

Skipulagssvið	
Pétur Ingi Haraldsson sviðsstjóri	
Skipulagsmál	Byggingarmál
Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi	Leifur Þorsteinsson byggingarfulltrúi
Anna Bragadóttir verkefnastjóri skipulagsmála	Björn Jóhannsson verkefnastjóri eftirlits byggingaáforma
Arkitekt	Bjarni Thorarensen verkefnastjóri byggingareftirlits
Margrét Róbertsdóttir verkefnastjóri fasteignamála	
Stefanía Sigmundsdóttir fulltrúi skipulags- og byggingarmála	
Perla Fanndal afgreiðslu- og upplýsingafulltrúi	